

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness fimmtudaginn 13. september 2012 í máli nr. S-519/2012:

Ákærvaldið

(*Hulda María Stefánsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Arnar Kormákur Friðriksson hdl.*)

Mál þetta, sem var dómtekið 23. ágúst sl., er höfðað með ákæru útgefni af Ríkissaksóknara 31. maí 2012 á hendur X, kt. [...],[...],[...] „fyrir kynferðisbrot, með því að hafa að kvöldi föstudagsins 8. júlí 2011, sært blygðunarsemi A, B og C er hann birtist utandyra við hús sitt að [...],[...], í skyrtu einni fata þannig að sást í kynfæri hans, tekið um kynfæri sín og viðhaft samfarahreyfingar í nokkra stund.“

Þetta er talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst verjandi ákærða þóknunar sér til handa fyrir vinnu meðan á rannsókn málsins stóð og fyrir dómi.

I

Mánudaginn 11. júlí 2011 kom A á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða vegna meints kynferðisbrots, nánar tiltekið blygðunarsemisbrots. Greindi A frá því að hann hefði í umrætt sinn verið heima hjá B og C að [...]. Á milli kl. 19.00 og 20.00 hafi ákærði birst utan við hús sitt að [...] í fleginni skyrtu. Hann hafi haldið um kynfæri sín og skekið sér eins og í samförum en síðan hlaupið inn í hús sitt aftur. Sagði A ákærða hafa verið klæddan í ljósa skyrtu en nakinn að neðan, þannig hafi það litið út. Kvaðst A ekki hafa séð hvort ákærði var í nærbuxum eða ekki. Athæfi ákærða hafi staðið yfir í smástund og hafi A kallað á B og C sem hafi litið út um gluggann og séð atvikið.

Í skýrslu sem B gaf á lögreglustöð sama dag lýsti hann atvikinu á svipaðan hátt og A. Hafi B séð ákærða í hvítu skyrtu að ofan en beran að neðan fyrir utan hús sitt að [...]. Ákærði hafi veifað báðum höndum fyrir ofan höfuð og skekið sér eins og hann væri að hafa samfarir. Hafi þetta athæfi ákærða beinst að þeim sem voru inni í húsinu en ekki að öðrum en þeim sem voru við eldhúsgluggann að [...]. Sagði B ákærða hafa verið allsberan að neðan og kvaðst hafa séð kynfæri hans.

Hafi ákærði hegðað sér á framangreindan hátt í 10-15 sekúndur og svo farið aftur inn í hús sitt.

C gaf skýrslu hjá lögreglu 12. júlí 2011 og bar á sama veg. Hún kvaðst hafa verið með matarboð á heimili sínu að [...]. Hún hafi setið við eldhúsborðið ásamt B og gesti þeirra, A. Þau hafi séð hvar ákærði hafi staðið út í garði við hús sitt á skyrtnni einni fata með hendur á lofti og „gefið puttann“ með báðum höndum. C sagði skyrta ákærða hafa verið ljós drappaða eða hvíta að lit, og frá hneppa alla leið niður. Ákærði hefði ekki verið í nærfötum. Þá hefði ákærði tekið um kynfæri sín með báðum höndum og skekið sér líkt og hann væri að hafa samfarir. C sagðist ekki hafa séð kynfærin á ákærða greinilega enda hefði hún ekki eingöngu verið að horfa niður. Hún væri þó viss um að ákærði hefði verið nakinn að neðan. Þá sagði C að ákærði hefði greinilega hegðað sér með þessum hætti til að einhver myndi sjá til hans. Einnig að hann hefði beint athæfi sínu að þeirra húsi.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 2. ágúst 2011. Ákærði neitaði sök og bar að hann hefði verið inn í húsi sínu á fyrrgreindum tíma. Hann hefði farið inn um kl. 18.00, eldað sér mat og horft á sjónvarp. Umræddan dag kvaðst ákærði hafa verið klæddur í gallabuxur og grænan göngujakka. Þá sé hann alltaf í langermabol, með kasketi og hanska. Hann eigi hvíta skyrta en hún hafi verið inn í skáp þegar þetta hafi verið. Þá kvaðst ákærði ekki kunna neinar samfarahreyfingar.

Í skýrslu lögreglu kemur fram að langvarandi deilur hafi verið á milli ákærða annars vegar og nágretta hans hins vegar, þeirra A, kæranda í málinu og Bog C. Hafi fjölmörg útköll lögreglu verið vegna þessara deilna.

II

Við meðferð málsins fyrir dómi lýsti ákærði því að hann hefði ekki farið út umrætt kvöld. Um klæðnað sinn sagði ákærði að hann hefði verið í göngubuxum, skyrta eða peysu renndri upp í háls, grænni úlpu og með húfu og vettlinga. Ákærði kvaðst ekki hafa verið í ljósri skyrta. Þá neitaði ákærði því að hafa farið út ber að neðan.

A lýsti því að hann hefði verið í matarboði hjá nágrönnum sínum, þeim B og C að [...] um kvöldmatarleytið 8. júlí 2011. Hann hefði setið við glugga á ská á móti heimili ákærða. Hann hafi fylgst með dóttur sinni og syni C út um gluggann. Þá hafi hann heyrt hljóð og litið út um gluggann og séð ákærða koma út í ljósri skyrta einni fata. Ákærði hafi haldið um kynfærin á sér og gefið frá sér hljóð og viðhaft kynferðislegar hreyfingar. Að því loknu hljóp ákærði til baka, setti hendurnar upp og fagnaði. A sagði þau öll þrjú sem sátu við borðið hafa séð til ákærða. Börnin hefðu ekki séð til ákærða en munu hafa heyrt hljóð frá honum. Brýnt hefði verið fyrir börnunum að forðast ákærða.

B sagðist hafa séð ákærða við hús hans. Hann hefði verið ber að neðan í fráhnepptri skyrta, haldið um kynfæri sín og skekið sér upp í loftið. Hefði þetta staðið yfir í um 40 sekúndur. B sagði ákærða hafa ætlast til þess að hann sæi ákærða.

C sagðist hafa setið við eldhúsborðið á heimili sínu. Borðið væri við stóran glugga. C sá ákærða standa úti í garði við þvottasnúrur, beran að neðan. Ákærði

hafi sveiflað höndunum og gefið frá sér ógeðfelldan hlátur. [...] sagði son sinn ekki hafa orðið varan við ákærða umrætt kvöld, en taldi að háttsemi ákærða hefði átt að beinast gegn Davíð.

Sveinbjörn Halldórsson lögreglufulltrúi kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sem hann vann með ljósmyndum af vettvangi. Þar kemur meðal annars fram að 45 metrar eru á milli eldhúsgluggans að [...] og að þvottasnúru í garði við [...] þar sem ákærði er talinn hafa birst klæðalaus að neðan.

III

Ákærði neitar sök og kannast ekki við að hafa farið út eftir kl. 18.00 föstudagskvöldið 8. júlí 2011. Ákærði hefur lýst því að hann hafi komið heim til sín að [...] um það leyti í umrætt sinn og eldað sér mat og horft á sjónvarp.

Vitnin A, B og C hafa á hinn bóginn borið að ákærði hafi komið út úr húsi sínu milli kl. 19.00 og 20.00, líklega þó nær kl. 20.00, umrætt kvöld klæddur fráhnepptri skyrtu einni klæða og viðhaft samfarahreyfingar þannig að ákærði hafi í fyrstu haldið með báðum höndum um kynfæri sín, hlegið tryllingslega og skekið sér en síðan sleppt báðum höndunum, haldið þeim ofan við höfuðið, hlaupið fagnandi til baka og horfið inn í hús sitt. Lýstu vitnin því að þeim hefði verið misboðið með þessu háttarlagi ákærða.

Framburður vitna er að mestu samhljóða um atvik málsins, en þau hafa öll borið að hafa séð ákærða klæðalausan að neðan, handleika kynfæri sín og viðhafa samfarahreyfingar.

Í 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. breytingu með 15. gr. laga nr. 40/2002, segir að hver sem með lostugu athæfi særi blygðunarsemi manna eða er til opinbers hneykslis skuli sæta fangelsi eða sektum ef brot er smávægilegt. Í athugasemdum með 15. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 40/2002 um breytingu á almennum hegningarlögum segir að undir 209. gr. almennra hegningarlaga falli fyrst og fremst ýmis konar háttsemi önnur en káf og þukl á líkama, t.d. gægjur á glugga, berháttun og önnur strípihneigð og klúrt orðbragð í síma.

Framangreind háttsemi ákærða var til þess falin að særa blygðunarsemi þeirra sem fyrir urðu en fram kom hjá áðurgreindum þremur vitnum að þeim hefði verið misboðið vegna háttsemi ákærða. Þykir nægilega sannað með framburði vitna svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærði hafi viðhaft það atferli sem lýst er, þ.e. komið út úr húsi sínu nakinn á neðanverðum líkamanum, handleikið kynfæri sín og viðhaft samfarahreyfingar í nokkra stund. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefið að sök í ákæruskjali ríkissaksóknara og telst háttsemi ákærða varða við 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt fyrirliggjandi sakavottorði hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar héraðsdómslögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin 440.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Hulda María Stefánsdóttir saksóknari flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Finnboga H. Alexanderssyni og Gunnari Aðalsteinssyni héraðsdómurum.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í 4 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Kormáks Friðrikssonar héraðsdómslögmanns, 440.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Jón Höskuldsson

Finnbogi H. Alexandersson

Gunnar Aðalsteinsson